

1865.

6. okt.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir  
Islandi, um að löggilda tilskipun 28. desembermán.  
1836 á Islandi.<sup>1</sup>

Í bréfi, er hingað hefir borizt, hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Islandi stungið uppá, að stjórnarráðið ihugi, hvort ekki væri hagfellt, að tilskipunin frá 28. degi desembermán. 1836 um það, hvers beri að gæta við skipströnd — en hún hefir ekki verið löggilt á Islandi, enda þótt embættismennirnir þar stundum fari eptir henni þegar svo ber undir — sè löggilt á Islandi, með þeim breytingum, sem þörf er á eptir landsháttum þar, og að samið verði frumvarp um þetta og lagt fyrir alþingi, til þess að það segi álit sitt um það.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður, samdi embættismannafundur sá í Reykjavík, er skipaður var með konungsráðgjafi 22. ágústmán. 1838, frumvarp til tilskipunar, um hversu fara skyldi með skipbrotsmálefni á Islandi; var það byggt á tilskipuninni 28. desembermán. 1836, og fylgdu því athugasemdir um ástæðurnar fyrir helztu breytingum þeim, er þeir höfðu gjört á tilskipun þessari. Á bréfum þeim, sem farið hafa milli kansallísins og rentukammersins um þetta mál árið 1840, má sjá, að stjórnarráð þessi hafa verið á því máli, að frumvarp það, sem um var getið, væri gott efni í þesskonar tilskipun. Samt sem áður var ekki haldið lengra úti þetta mál, og var það einkum vegna þess, að um sama leyti var ákveðið, að Ísland skyldi fá fulltrúaþing útaf fyrir sig, alþingi, og að því þótti réttast að skjóta málinu á frest, þangað til það yrði lagt fyrir alþingi, en það hefir þó ekki verið gjört seinna.

Dómsmálastjórnin hlýtur nú að sínu leyti að álíta það æskilegt, að sett verði lög handa Islandi um skipströnd, með því þau eru mjög tíð þar, og það hlýtur að vera þarflegt bæði fyrir landsmenn, skipbrotsmenn, eigendur skipanna og ábyrgðarmenn þeirra, að skipað sè fyrir um réttindi þeirra sín á milli með föstum lagaákvörðunum, en þær eru nú ekki til, því að hvorki hefir 4. kapituli 4. bókar í dönsku lögum né

<sup>1</sup>) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað til á sömu leið.

1865.  
6. okt.

tilskipun 21. marzmán. 1705, en hennar er þó getið í opnu bréfi 4. maímán. 1778, nè hinar seinni tilskipanir um þetta málefni með berum orðum verið löggiltar á Íslandi. Það er samt eitt atriði, sem kynni að virðast gjöra það ísjárvert að löggilda tilskipun þessa á Íslandi, og það er sú spurning, hvernig eigi að fara með ákvarðanir þær í tilskipuninni, sem setja hegningar fyrir glæpi. Að vísu hefir embættismannafundurinn í Reykjavík, sem getið er um að framan, álitit, að ákvarðanir þessar nú þegar gildi á Íslandi samkvæmt tilskipun 24. janúarmán. 1838, 1—4. gr., og að það því sé nóg, að vísa í hana í hinn íslenzku tilskipun um skipreikamál, er saminyrði. Þessi skoðun er samt án efa röng, því samkvæmt ákvörðununum í tilskipun 21. desembermán. 1831 varð þegar á þeim tíma, þá er álitsskjalið var samið, að leggja löginn út á íslenzku og þinglýsa þeim á því máli, til þess að þau fengju lagagildi á Íslandi, og hæstiréttur hefir líka seinna verið á sama máli, smbr. kansellibréf 28. marzmán. 1843 (í lagasafninu íslenzka), og eptir að alþingi var stofnað, getur ekki verið umtalsmál að löggilda neina tilskipun um sakamál á Íslandi, sem komið hefir út í Danmörku, nema hún sé lögð fyrir alþingi, smbr. konunglega auglýsingu til alþingis 21. maímán. 1847 II, 7. Það er því vitaskuld, að það yrði að taka í frumvarp það, sem samið væri, þær ákvarðanir um hegningar fyrir glæpi, er á þyrfti að halda; en með því að nú er búið að breyta 37. gr. IV—VII í tilskipuninni 28. des. 1836 með tilskipun 11. aprílmán. 1840, og hún gildir einnig á Íslandi, og með því að hegning fyrir það afbrot, sem getið er um í nr. VIII fyrsta liði í sömu grein, er sett í tilskipun 4. októbermán. 1833, sem líka gildir á Íslandi, þá eru það einungis þær ákvarðanir um hegningar, sem rædt er um í 37. gr. I—III, VIII öðrum liði og IX og loks í 39. gr. í tilskipuninni, er efunarmál getur verið um, hvort eigi að heimfæra uppá Ísland í því frumvarpi, sem samið yrði, svo sem nýjar ákvarðanir um hegningar. Það kynni nú að vísu að virðast miður hagfellt, þegar búast má við nýjum lögum um sakamál í Danmörku, og líklegt er að rædt verði um að löggilda þau á Íslandi, þá að fara að setja ákvarðanir

1865.

6. okt.

um hegningar fyrir glæpi á Íslandi, sem að nokkru leyti fara í bága við grundvallarreglur þær, sem farið er eptir í hinum nýju sakalögum; en þaræð það þó er óvíst, hvort eða að minnsta kosti hvenær þessi nýju lög verði löggilt á Íslandi, þá getur þetta atriði naumast verið því til fyrirstöðu, að lagsætning þeirri, sem hér ræðir um, verði fylgt fram.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, er sent með bréfi þessu eptirrit af frumvarpi því til tilskipunar um meðferð skipbrotsmála á Íslandi, sem embættismannafundurinn í Reykjavík hefir samið, ásamt með ástæðum þeim, er því fylgja, og um leið og skýrskotað er til bréfs kansellísisins 25. febrúarmán. 1840 og bréfs rentukammersins 2. maímán. s. á., en þau bréf standa í íslenska lagasafninu, eruð þér beðnir að skýra frá álitinu yðar, hvort yður finnist æskilegt, að tilskipun um skipreikamál komi út handa Íslandi, og ef svo er, þá hverjum breytingum þér vilið stinga uppá við frumvarp þetta.

6. okt.

### 83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Helgu Jónsdóttur.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtíð í bréfi dags. 20. júlímán. þ. á. skýrt frá álitinu sínu um skjal nokkurt, sem hingað hafði borizt; í því áfrýjar Þorvarður Ólafsson, hreppstjóri í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu, til stjórnarráðsins úrskurði, sem stiptamtíð hefir kveðið upp 7. desembermán. f. á., um að Helga Jónsdóttir, ekkja Hannesar Bjarnasonar, og börn hennar skuli eiga framfærsluhrepp í Strandarhrepp.

Af skjali þessu og fylgiskjölum þess sést, að Hannes heitin Bjarnason, maður ekkju þeirrar, sem hér er um rædt — en hann er fæddur 2. desembermán. 1827 á Klafastöðum í Skilmannahrepp í Borgarfjarðarsýslu, og fór þaðan með foreldrum sínum árið 1838 að Heynesi í Akraneshrepp — fluttist um vorið 1847 með foreldrum sínum að Kalastöðum í Strandarhrepp og dvaldi þar í sífellu þangað til hann fluttist suður á Akranes